

Egils saga í nýrri útgáfu



Steven Porello að vinna ljóðin úr sögu Egils Skallagrímssonar.

Bandaríska listakonan Michelle Bird flutti nýverið í Borgarnes eins og Skessuhorn greindi frá síðasta vetur. Þegar blaðamaður Skessuhorns leit við í heimsókn tóku á móti honum falleg málverk á öllum veggjum heimilisins. Einn veggurinn var tileinkaður sögu Egils Skallagrímssonar. Íslendingar eru einstaklega stoltir af Íslendingasögum og eru Borgnesingar ekki þar undanskildir. Segja má að bæjarstæði Borgarness sé aðalsöguvið Egils sögu. Þeir sem þekkja söguna sjá það glögglega þegar inn í Borgarnes er komið. Þar bera allmargar götur bæjarins nöfn persóna úr Egils sögu og eitt mesta stolt bæjarins, sjálfur Skallagrímgarður, dregur nafn sitt frá Skallagrími, föður Egils.

Telur vanta aðgengilegri útgáfu

Michelle heillaðist af sögu Egils Skallagrímssonar þegar hún flutti í Borgarnes. Henni fannst, í ljósi þess að í gegn um Borgarnes fer fjöldi ferðamanna árlega, að sagan þyrfti að vera aðgengilegri fyrir þá sem eiga skamma dvöl í Borgarnesi en hefðu gaman að því að vita sögu bæj-

arins. „Hér stoppa ferðamenn oftast stutt en þeir skoða samt bæinn og hefðu eflaust gaman að þeirri sögu sem bærinn býr yfir. Þetta fólk er þó eflaust sjaldnast tilbúið til að lesa alla söguna um Egil Skallagrímsson og ekki eru til margar styttri útgáfur af sögunni. Annað hvort útgáfa sem er frekar löng og þung í lestri eða barnaútgáfa. Það vantar eitthvað þarna á milli,“ segir Michelle.

Michelle hefur í samstarfi við Steven Porello skáld, skrifað og myndskreytt nýja útgáfu af Egils sögu sem fyrst og fremst er skrifuð fyrir ferðamenn. Steven skrifaði söguna og Michelle myndskreytti. Myndirnar í bókinni eru af málverkum sem byggð eru á ljóðum bókarrinnar. „Ég valdi þau augnablik í sögunni sem sýndu hversu margar hliðar Egill hefur, víkingur, skáld, bróðir og vinur. Ég skrifaði eins einfaldan texta og ég gat og reyndi að láta söguna tala fyrir sig sjálfa. Ljóðunum breytti ég ekki frá ensku útgáfu bókarrinnar,“ segir Steven.

Bók í bígerð

Skrif bókarrinnar eru vel á veg komin og eru Michelle og Steven farin að huga að útgáfu hennar og leita

að forlagi sem myndi gefa hana út. Michelle hefur áður komið að slíkri vinnu en þegar hún bjó í Amsterdam í Hollandi myndskreytti hún bókina Closed Curtains og kápu bókarrinnar Dear Henry. Eins þegar hún bjó í Sviss gaf hún út árlegt blað um list, MAP Magazine Artist Professionals.

Aðspurð segir Michelle að hún kunni mjög vel við sig í Borgarnesi. Þar sé rólegt og fólk jarðbundið og sjálfstætt. „Það er svo fallegt hérna,“ segir hún og bendir út um stóran glugga í stofunni þar sem Hafnarfjallið blasir við eins og sannkallað listaverk. „Ég fæ innblástur út um allt hér, fólkið og samfélagið í heild veitir mér mikinn innblástur og svo er náttúran hér einstök og svo falleg. Það er gott að vera hér og allt svo rólegt og yfirvegað, allt öðruvísi en í stórborgum,“ segir Michelle að lokum.

arg



Michelle Bird og málverkin úr bókinni sem hún hyggst gefa út í samvinnu við Steven Porello.

Íslenskir fuglar í útsaum

Opið:
Mánud. – föstud. kl. 9 – 18
Lokað á laugardögum í sumar

Grensásvegi 46, 108 Reykjavík - Sími 511 3388

SKESSUHORN 2015

ÞJÓNUSTA ÞJÓNUSTA

BLIKKSMÍÐJA Loftræstingar – Reykrör Klæðningar – Nýsmíði Viðhald – Efnissala	JÁRNSMÍÐJA Gjafagrindur – Nýsmíði Viðhald – Þjónusta Hesthúsinnréttingar	RAFMAGNS- VERKSTÆÐI Nýlagnir – Viðhald Viðgerðaðþjónusta
--	--	---



LímtréVirnet

Borgarbraut 74 • 310 Borgarnesi • 412-5300 • limtrevirnet.is

Leikskólinn Hnoðraból – skemmtilegt starf

Leikskólakennara vantar til starfa í leikskólann Hnoðraból, Grímsstöðum frá og með 10. ágúst nk. Um er að ræða fulla stöðu leikskólakennara. Í leikskólanum dvelja að jafnaði 20 börn á aldrinum 18 mánaða til 5 ára og 7 starfsmenn. Áhersluatriði í leikskólastarfinu eru: Einstaklingsmiðað nám, leiðtogahæfni, heilsuefning og umhverfismennt.

Hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem leikskólakennari
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð færni og jákvæðni í samskiptum


Aðrar upplýsingar um starfið:

- Starfshlutfall er 100%
- Starfið er laust frá 10. ágúst 2015
- Ráðning er tímabundin til eins árs
- Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara
- Umsóknarfrestur er til 9. ágúst nk
- Í samræmi við jafnréttisstefnu Borgarbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið
- Í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 þurfa þeir sem ráðnir eru til starfa hjá leikskólum Borgarbyggðar að skila sakavottorði

Vakin er athygli á að ef leikskólakennari sækir ekki um kemur til greina að ráða annað háskólamenntað fólk eða leiðbeinendur.

Umsóknarfrestur er til 9. ágúst 2015

Nánari upplýsingar veitir Sjöfn G. Vilhjámsdóttir, leikskólastjóri, í síma 435-1157 eða 862-0064, eða í tölvupósti; sjofn@borgarbyggd.is



Eitt af málverkunum fyrir bókina.